

Mánudaginn 18. desembermánaðar.

Nr. 38/1893:

Rjettvísinn  
gegn  
Skúla Thoroddsen.

## D ó m u r :

Upphaf máls þessa er það, að af útskrift af prófum, er hinn ákærði, sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, hafði haldið til upplýsingar um dauða Salómons nokkurs Jónssonar húsmanns frá Eyri í Önundarfirði í desember 1891 og sent háfirvaldinu til athugunar og úrskurðar, hvort frekara skyldi aðgert í málinu, þóttist landstjórnin verða þess vísari, að ákærði hefði, sem rannsóknardómari í tjeðu máli, beitt ólöglegri þvingun við sakborning, til þess að kúga hann til játningar eða sagna, og var því settum yfirrettarmálaflutningsmanni, cand. jur. Lárusi Bjarnason, með konunglegri umboðsskrá, útgefinni af ráðgjafanum fyrir Ísland eptir skipun konungs 2. júní f. á., skipað að hefja rjettarrannsókn um meðferð ákærða á nefndu máli. Rannsókn þeirri, er þannig var hafin gegn ákærða, var lokið 9. júlí f. á., og var ákærða síðan vikið frá embætti fyrst um sinn, sem sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, en hinn skipaði rannsóknardómari, Lárus Bjarnason, settur í hans stað í embættið, og var Lárusi jafnframt með landshöfðingjabrjefi 29. ágúst f. á. boðið að halda áfram hinni byrjuðu rannsókn gegn ákærða út af framkomu hans í rannsókninni um dauðdaga Salómons Jónssonar, og auk þess að rannsaka allt það, er honum kynni tortryggilegt að þykja viðvíkjandi embættisfærslu ákærða og framkomu hans sem dómara, einnig í öðrum málum. Hinum þannig

uppteknu rannsóknnum gegn ákærða var síðan lokið 1. maí p. á. og rjettarstefna útgefin gegn honum 20. s. m., og var hann þar ákærður fyrir brot gegn 124., 125., 127., 132., 134., 135., 142. og 144. gr. hinna almennu hegningarlaga. Málið var síðan dæmt í aukarjetti Ísafjarðarkaupstaðar 10. júlí p. á., þannig, að ákærði skyldi fyrir brot gegn 125., 127., 135., 142. og 144. gr., sbr. 63. gr. hinna almennu hegningarlaga missa embætti sitt sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, svo og greiða allan af rannsókninni í málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað, en dómi þessum hefur bæði fyrir hönd rjettvísinnar og eftir ósk hins ákærða verið skotið til yfirdómsins.

Það sem fram hefur komið við framangreinda rannsókn gegn ákærða og hann hefur verið ákærður fyrir, skal nú talið upp í flokkum, eftir því sem við þykir eiga, og athugaður hver flokkurinn fyrir sig.

I. Eins og áður er á minnzt, var það meðferð ákærða á rannsókn út af dauða Salómóns nokkurs Jónssonar, sem tilefni gaf til sakamálsrannsóknarinnar gegn honum, en Salómon þessi fannst örendur á svonefndum Klofningsdal, á leiðinni milli Önundarfjarðar og Súgandafjarðar, hinn 21. desbr. 1891, og var Sigurður nokkur Johansson grunaður um að vera ef til vill valdur að dauða hans. Tjæðri rannsókn sinni hagaði ákærði þannig, að eftir að hann hafði látið lækniSSkodun á líki Salómóns fram fara, og hreppstjóra leita skýrslna þeirra manna, er málinu voru kunnugir, og senda sjer þetta hvorttveggja, fór hann sjálfur vestur í Önundarfjörð 3. jan. 1892 og hóf rannsókn málsins. Daginn eftir úrskurðaði hann síðan, að fyrnefndur Sigurður Jóhannsson skyldi sem grunaður um morð settur fastur,



og var Sigurður síðan í fangelsi á Ísafirði frá 7. jan. til 20. febr., er ákærði hætti rannsókninni að sinni og sleppti Sigurði lausum, án þess að nokkuð hefði sannazt upp á hann, um það er hann var grunaður fyrir. Ákærði hefur nú í fyrsta lagi þótt hafa sýnt vítavert hirduleysi með því að bregða eigi við sjálfur jafnskjótt og hann fjekk tilkynningu hreppstjóra um fráfall Salómons, til að rannsaka atvik að því, en það var 27. desbr., en hann fór eigi sjálfur á stað í rannsókn málsins fyr en 3. jan. næst eptir. En þar sem tilkynning hreppstjóra um málavexti var nokkuð óljós, og ákærði gerði þegar í stað nauðsynlegar ráðstafanir til að útvega sjer frekari upplýsingar um málið, þar á meðal álit læknisfróðs manns, þá verður hann þó, eptir atvikum, eigi álitinn hafa bakað sjer ábyrgð með aðgerðarleysi í málinu, enda hafði hann embættisstörfum að gegna heima fyrir við reikninga tilbúning, og bjóst þegar í stað til ferðar að rannsaka málið, er hinar eptiræsktu ýtarlegri skýrslur komu. Það verður heldur eigi álitíð, að ákærði hafi leyst svo af hendi rannsókn málsins í tjeðri ferð til Önundartjardar. þó að henni hafi verið í ýmsu ábótavant, að það verði talið embættisbrot.

Þá hefur ákærða verið gefið að sök, að hann hafi beitt ólöglegri hörku, eða þvingun við fyrnefndan Sigurð Jóhannsson, er grunaður var um að hafa verið valdur að dauða Salómons Jónssonar, meðan prófin yfir honum stóðu yfir á Ísafirði og Sigurður var þar í gæzluvarðhaldi tímabilið frá 7. jan. til 20. febr. 1892. Aðbúnaður Sigurðar í fangahúsinu virðist einnig hafa í sumum atriðum verið fremur ljelegur, og ákærði hefur kannazt við, að hann hafi verið harðari við Sigurð en aðra sakborninga, af því að Sigurður hefði verið harð-

svírugur og hælzt um, hve gott hann ætti í fangahúsinu, enda þóttist ákærði sannfærður um, að Sigurður væri sekur, og almenningi, sem taldi Sigurð sekan, þótti helzt til vægilega farið með hann. Þessar afsakanir ákærða eru reyndar þýðingarlitlar í sjálfu sjer, en á hinn bóginn verður eigi álitid sannað, að aðbúnaður Sigurðar í fangahúsinu hafi verið óforsvaranlegur, eða svo að ákærði eigi að sæta ábyrgð fyrir hann. Sjrestaklega getur það eigi álitizt sannað, að eigi hafi verið lagt í ofn í fangaklefanum hjá Sigurði, þegar nauðsyn bar til, og þó að upplýst sje, að rúður hafi verið brotnar í klefum þeim, er hann sat í, þá er eigi sannað, að ákærði hafi vitað um rúðubrotið í fyrri klefanum fyrir en hann ljet flytja Sigurð þaðan, nje heldur að hann hafi vitað um rúðubrotið í klefanum, er Sigurður síðar sat í, en þar var troðið upp í gatið á rúðunni. Aldrei kvartaði Sigurður heldur um kulda við ákærða, nema einu sinni, fám dögum áður en honum var sleppt úr varðhaldi, og var þá þeirri kvörtun sinnt af ákærða. — Ljóslaus var Sigurður mestan þann tíma, sem hann sat inni, en ákærði hefur skýrt frá, að hann hafi svipt Sigurð ljósi sökum þess, að hann hafi kveðið rímur svo hátt, að fólk í næstu húsum kvartaði undan því við ákærða, og þessari skýrslu hans er eigi hnekkt. Mataraði Sigurðar virðist og hafa verið óaðfinnanlegt, og ákærði verður eigi sakaður fyrir það, þó hann hafi eigi látið Sigurð koma út á daginn, þar sem vetur var og fannfergja, með því hann virðist nálega daglega hafa hleypt honum út úr klefanum út á fangahússganginn.

Það er viðurkennt af ákærða og sannað í málinu, að meðan á prófunum yfir Sigurði Jóhannssyni stóð,



setti ákærði Sigurð tvisvar sinnum upp á vatn og brauð, 5 daga í hvort skiptið. Fyrra skiptið, 21. jan. 1892, úrskurðaði hann, eins og prófin yfir Sigurði bera með sjer, Sigurði vatn og brauð, fyrir að hann sýndi þrjúzku og vildi ekki svara spurningum, sem fyrir hann voru lagðar, en síðara skiptið, 30. s. m., segir í prófunum yfir Sigurði að þeins, að hann haldi að öllu leyti fyrra framburði sínum, en ekkert er tekið fram um, að Sigurður hafi neitað að svara spurningum rannsóknardóm- arans (ákærða). Hinn 23. og 25. jan., meðan Sigurður sat við vatn og brauð, samkvæmt úrskurðinum 21. jan., sjest einnig, að haldin hafa verið próf yfir Sigurði, en bókunin er þar lík og í rjettarhaldinu 30. jan., og sýn- ir því eigi, að Sigurður hafi þá neitað að svara neinum spurningum ákærða. Ákærði hefur þó haldið því fram, að Sigurður hafi í öllum greindum rjettarhöldum neit- að að svara spurningum sínum sem raunsóknardómara, og hafi því vatns- og brauðspvingunin verið löglega á lögð samkvæmt kgsbr. 23. okt. 1795, en bókunin hafi orðið svo ófullkomin sökum þess, að hann hafi verið lasinn töluvert um það leyti, eins og hann hefur reynt að sanna með framlögðu vottorði læknis, er hann leit- aði ráða til nokkru síðar. Menn þeir, er voru rjettar- vottar við framangreind rjettarhöld 21., 23., 25. og 30. jan., hafa verið svo reikulir í framburði sínum um þetta atríði, að á vitnisburði þeirra virðist ekkert verða byggt, og hin einu sönnunargögn í þessu efni eru því, auk þingbókarinnar, vitnisburður Sigurðar Jóhannssonar, sem hefur borið, að hann aldrei hafi neitað að svara rannsóknardómaranum (ákærða), og athugasemd í fanga- húsdagbókinni, þar sem segir, að Sigurði hafi verið úrskurðað vatn og brauð í bæði skiptin, 21. jan. og 30.

jan., sökum þess, að hann hafi neitað að svara rannsóknardómaranum; en með því að fangahúsdagbókin virðist hafa verið í vörzlum ákærða, þegar verið var að rannsaka þetta atriði í embættisfærslu hans og eigi verður sjeð, hvenær greind athugasemd hefur verið rituð í hana, en hún er það sem síðast er í hana ritað með hendi ákærða, þá verður eigi byggð nein sönnun á henni. Að öllu yfirveguðu, einnig því, að ákærði hefur eigi getað skýrt neitt frá um, hvaða spurningar það hafi verið, sem Sigurður neitaði að svara í rjettarhöldunum, 23., 25. og 30. jan., og þar sem eigi verður þrátt fyrir hið framlagða læknisvottorð álitid, að ákærði myndi hafa látið þess ógetið í þingbókinni, þar sem um svo þýðingarmikið atriði var að ræða, að Sigurður neitaði að svara honum, eins og þess er getið í rjetthaldinu 21. jan. — virðist það yfirhöfuð óhætt að byggja það á bókun ákærða í þingbókinni, að Sigurður hafi eigi beinlínis neitað að svara spurningum ákærða 23., 25. og 30. jan., en að eins eigi viljað gefa, að álitu ákærða, sannari skýrslu í málinu, og að skilyrðið fyrir að beita kgsbr. 23. okt. 1795 gegn honum hafi því eigi verið fyrir hendi, en á hinn bóginn virðist einnig bókun ákærða í þingbókinni benda til þess, að hann hafi eigi álitid, að hann beitti ólöglegri þvingun við Sigurð með því að úrskurða honum vatn og brauð, og að honum hafi því eigi verið fullkunnug ákvæði kgsbr. 23. okt. 1795, enda styrkist þetta einnig við það, að ákærði hefur heldur eigi í rjettarhaldinu 21. jan. farið eptir ákvæðum kgsbr. þessa, um að aðvara ákærða áður en hann gerði honum vatn og brauð og um bókun á þeirri aðvörun. Það verður samkvæmt þessu að álíta, að ákærði hafi gert sig sekan í vítaverðu hirduleysi, með



því að kynna sjer eigi nægilega fyrirmæli þau, er heimiluðu og takmörkuðu rjett hans til að beita tjeðri vatns- og brauðs þvingun við Sigurð Jóhannsson eptir nýnefnd 3 rjettarhöld.

II. Þá er ákærða gefið að sök, að hann hafi í rjettarhaldi 12. ágúst f. á. í máli höfðuðu af hálfu rjettvísinnar gegn Steindóri nokkrum Markússyni af ásettu ráði bókað ranglega, að prófseptirrit í málinu hafi verið lagt fram í rjettinum. Samkvæmt þingbókinni, sem var upplesin og staðfest með undirskriptum sýslumanns (ákærða), svaramanns Steindórs og tveggja rjettarvotta, eiga í greindu rjettarhaldi að hafa verið framlögð 5 skjöl, þar á meðal »prófseptirrit, sem fylgir». Svaramaður Steindórs hefur nú borið það og eiðfest undir rannsókn þessa máls gegn ákærða, að tjeð prófseptirrit hafi eigi verið framlagt í greindu rjettarhaldi (12. ágúst f. á.) og hafi sýslumaður í áheyrn rjettarvottanna sagt, að það væri eigi tilbúið, en sýslumaður hafi lofað honum því seinna, ásamt hinum öðrum skjölum málsins, sem hann samkvæmt rjettarbókinni fjekk ljeð til að semja vörn fyrir Steindór. Ekki tók svaramaður nein af hinum ljeðu skjölum með sjer úr rjettinum í þetta skipti, enda hirti eigi um það, eptir því sem upplýst er, en nokkru síðar, er hann samdi vörn sína, kveðst hann hafa orðið að gera það eptir dómsmálabókinni, sem hann í því skyni hafi fengið lánaða heim til sín, en prófseptirritið hafi hann aldrei fengið. Það er einnig borið af 2 vitnum, að svaramaðurinn hafi sagt þeim um það leyti, er hann samdi vörnina, að hann yrði að gera það eptir dómsmálabókinni, af því að hann hefði ekki fengið eptirrit af prófunum. Hinn ákærði hefur stöðugt haldið því fram, að bókunin á hjer um ræddu

rjettarhaldi sje rjett í öllum greinum, og að nefnt prófs-  
eptirrit hafi því verið lagt fram í rjettinum og  
hann hefur neitað því, að hann hafi haft nokkur um-  
mæli um, að það væri eigi tilbúið og að svaramaður  
því eigi gæti fengið það þá þegar. Menn þeir, er voru  
rjettarvottar við greint rjettarhald, hafa borið, að þeir  
hafi sjeð ýms skjöl fyrir framan sýslumann (ákærða), en  
þeir hafi ekki sjeð nein skjöl framlögð, hvorki prófsept-  
irrit nje önnur skjöl, og virðist mega ráða af framburði  
þeirra, þó að spurning þar að lútandi hafi eigi verið  
sjerstaklega borin upp fyrir þeim, að þeir hafi eigi heyrt  
umtal um það milli sýslumanns og svaramanns Stein-  
dórs, að umrætt eptirrit vantaði eða væri eigi fullbúið.  
Með því að það nú vel gat átt sjer stað, að rjettarvott-  
arnir eigi veittu umræddu prófseptiriti, sem dómarinu  
sjálfur framlagði, sjerstaklega eptirtekt, þó að það hefði  
verið fyrir í rjettinum eins og þeir eigi tóku eptir  
framlagningu annara skjala, sem þó er sönnuð, þá verður  
eigi álitid, að framburður þeirra komi í neinn bága  
við bókunina í þingbókinni. Og þar sem framburður  
svaramannsins einn sjer — jafnvel í sambandi við fengnar  
líkur fyrir því, að hann hafi samið vörn sína eptir  
dómsmálabókinni, og það atvik, að eptirrit þetta hefur  
eigi komið fram undir málinu, — eigi er nægilegur til  
að hrinda sönnunargildi þingbókarinnar, sem var upp-  
lesin og staðfest með rjettum undirskriptum allra hlut-  
aðeiganda, þar á meðal svaramannsins sjálfs, þá verður  
að álíta, að sönnun bresti fyrir því, að ákærði hafi gert  
sig sekan í rangri bókun á framangreindu atriði.

III. Í máli af hálfu rjettvísinnar gegn Rögnvaldi  
nokkrum Guðmundssyni fyrir svik, sem dæmt var í  
aukarjetti Ísafjarðarsýslu seint á árinu 1891, þannig, að



Rögnvaldur var dæmdur í 8 daga einfalt fangelsi, og í landsyfirdóminum í marzmán. 1892 — en þar var Rögnvaldur sýknaður af ákæru sóknarans — hefur ákærða verið gefið að sök, að hann hafi bókað ranglega ýmislegt í málinu, og kveðið upp dóm í því seinna en þingbókin ber með sjer. Fyrst og fremst hefur það þannig verið vefengt, að menn þeir, er skrifaðir eru undir rjettarhöldin í máli þessu 19. sept. og 3. okt. 1891 sem rjettarvottar, hafi í raun og veru verið vottar við þau rjettarhöld, og var sá grunur einkum byggður á því, að rithöndin á nöfnunum þótti mjög ólík rithönd sömu manna á nöfnum þeirra annarsstaðar í þingbókinni, og ein undirskriptin er með hendi ákærða og skrifað undir „handsalað“. En þar sem menn þessir hafa eigi gengið frá tjeðum undirskriptum sínum og handsali, heldur jafnvel kannast við að hafa verið rjettarvottar við greind rjettarhöld, þó annar þeirra hafi síðar mistreyst nokkuð minni sínu í því efni, þá verður eigi gegn stöðugri neitun ákærða, á því einu, hvernig nöfnin eru rituð, byggð sönnun fyrir, að það sje rangt, sem í rjettarbókinni stendur í þessu tilliti.

Þar næst hefur ákærði verið álitinn hafa bókað ósatt í rjettarhaldinu 19. sept. 1891, að því leyti sem þar segir, að hegningarvottorð Rögnvaldar úr Strandasýslu sje þá ókomið, og er það byggt á því, að í dagbók sýslunnar er það af ákærða tilfært innkomið 14. s. m. Ákærði hefur haldið því stöðugt fram, að rjettarbókin sje í þessu tilliti rjett, en dagsetningin ónákvæm í dagbókinni, og skýrt svo frá, að hann hafi, er hann kom af alþingi í sept. 1891, hitt fyrir bunka af brjefum og hafi hann svo seint í sept. »journaliserað« það sem þá lá fyrir ójournaliserað, og þannig hafi

hann í athugaleysi tilfært vottorðið, sem innkomið 14. sept., þó það hefði fyrst borizt honum eptir 19. sept., enda tjáist hann hafa verið í embættisferð í Dýrafirði 14. sept. Þessa skýrslu ákærða þykir verða að taka gilda, og verður því eigi álitnið sannað, að bókun ákærða í umræddu tilliti hafi verið röng. Í rjettarhaldinu 3. okt. 1891 er ákærði álitinn hafa ranglega bók- að, að hinn skipaði svaramaður Rögnvaldar, Grímur Jónsson, hafi mætt og lagt fram vörn í málinu, og stýðst þetta við eiðfestan framburð Gríms um, að hann hafi eigi mætt í greindu rjettarhaldi, og þá eigi heldur lagt fram vörn þann dag, enda stendur eigi nafn hans undir rjettarhaldinu í rjettarbókinni, og tjáist hann þó vera vanur að undirskrifa rjettarbókina í hvert sinn, er hann mæti í rjetti sem svaramaður sakbornings. Hvað vörn þá frá Gríms hendi snertir, sem fram kom í málinu, og á að hafa verið lögð fram í þessu rjettarhaldi, hefur Grímur borið það, að ákærði (Skúli Thoroddsen), hafi fengið sjer uppkast að henni, sem Grímur kveðst hafa hreinskrifað næstum orðrjett og afhent ákærða síðan, en það hafi eigi verið fyr en seinast í okt. eða fyrst í nóv. 1891. Hefur Grímur borið, að ákærði hafi sagt, að í óefni væri komið fyrir sjer með málið, hvelangur dráttur væri orðinn á því hjá sjer, og vildi hann því flýta fyrir því með því að fá Grími uppkast af vörninni, og bað hann jafnframt að þegja yfir þessu. Til stuðnings sögusögn sinni hefur Grímur lagt fram skjal með hendi ákærða, næstum orði til orðs samhljóða vörn Gríms, og dagsett eins og hún 3. okt. 1891. Ákærði hefur haldið því fram, að rjettarbókin sje rjett að því leyti, að Grímur hafi mætt og framlagt vörnina, en framburður Gríms um uppkastið sje ósannur, og sje



hið framlagða skjal að eins eptirrit, er hann hafi tekið fyrir Grím af vörninni. Annar rjettarvotturinn 3. okt. 1891 hefur borið, að Grímur Jónsson hafi mætt 3. okt., eins og bókað sje og lagt fram skjal í rjettinum (vörnina), og hinn votturinn hefur sumpart borið hið sama, en sumpart, er hann á ný var yfirheyrður um þetta at-  
 riði nú í haust, eptir að málið var dæmt í undirrjetti, eigi þorað að fullyrða neitt í þessu efni, sakir minnisleysis, eptir svo langan tíma. Rögnvaldur Guðmundsson (hinn ákærði í málinu) hefur í utanrjettarvottorði, sem fram hefur verið lagt í undirrjettinum, en sem hann hefur eigi verið yfirheyrður um eða látinn staðfesta fyrir rjetti, vottað það undir eistilboð, að Grímur Jónsson hafi sagt sjer í okt. 1891, að hann hafi þá snemma í mánuðinum mætt fyrir sig í máli sínu. Það virðist nú auðsætt af skjali því í heild sinni, er Grímur Jónsson hefur framlagt og tjáð vera uppkast til varnar, að svo muni hafa verið, og að það sje því eigi rjett, er ákærði heldur fram, að skjalið sje eptirrit af vörn Gríms, en að öðru leyti, virðist framburður Gríms vera svo óstuddur af öðru, sem fram er komið í málinu og koma eigi vel heim við, að vörn hans, er hann sjálfur skrifaði (eptir »uppkastina«) er dagsett eins og reyndar »uppkastið« 3. okt. 1891, og með því að framburður Gríms einnig kemur í bága við framburð rjettarvottanna og vottorð Rögnvaldar um, að Grímur hafi mætt 3. okt. fyrir Rögnvald, en fyrnefnt »uppkast« getur eigi sýnt annað eða frekara en að ákærði hafi samið vörnina fyrir Grím, og ennfremur vottarnir hafa borið, að Grímur hafi eigi verið alls gáður, er hann mætti í umræddu rjettarhaldi, þá verður eigi álitíð, að framkomin sje sönnun gegn rjettarbókinni fyrir því, að

Grímur hafi eigi mætt og eigi lagt fram vörn í máli Rögnavalдар í greindu rjettarhaldi 3. okt. 1891, og verður rjettarbókin því að álitast rjett í umræddu tilliti. Þar sem í greindu rjettarhaldi segir svo: »Stefndi hefur sjálfur ekkert fram að færa«, þá virðist mega taka gilda skýringu ákærða á þessum orðum, að þau muni rituð í athugaleysi svo sem svar svaramannsins upp á þá spurningu dómarans, hvort stefndi hefði nokkuð frekara fram að færa, enda er það eigi tekið fram áður í rjettarhaldinu, að stefndi (Rögnavaldur) hafi mætt sjálfur.

Loks hefur það þótt sannað upp á ákærða, að dómsuppsögn í máli Rögnavalдар Guðmundssonar, sem samkvæmt þingbókinni á að hafa fram farið í rjettarhaldi 16. okt. 1891, hafi dregizt lengur en bókað er, og bókunin þannig röng í því efni, en þessi rening á bókun ákærða í þingbókinni virðist eingöngu byggð á framangreindum framburði Gríms Jónssonar um það, hve nær hann hafi afhent vörnina í málinu, og svo á því, að dómurinn var eigi birtur fyr en seint í desember, en þessar ástæður eru eigi nægar til þess að hnekkja gildi rjettarbókarinnar, sem báðir rjettarvottarnir hafa skrifað undir og staðfest rjetta í öllum greinum í því efni, enda er það upplýst, að dómsgjörðir í málinu hafa verið afgreiddar af ákærða 26. okt. 1891, eða 10 dögum eptir dómsuppsögn, eins og hún er talin í rjettarbókinni.

IV. Þá hefur ákærði verið sakaður um brot samkvæmt 132. gr. hegningarlaganna fyrir að hafa »upp á vantanlegt ædra samþykki« sleppt málssókn gegn Skarphjæðni nokkrum Elíassyni, — er kannaðist við það fyrir lögreglurjetti að Unaðsdal 6. júní 1888, að hann hefði þá um veturinn »dregið á að gizka 2 lóðir til-



heyrandi Jakobi bónda í Ögri og tekið af þeim á að gizka 10—15 fiska — móti því að Skarphjeddinn greiddi 10 kr. sekt til sveitarsjóðs og 10 kr. í skaðabætur til kærands Jakobs bónda í Ögri Rósinkarssonar. Kærandinn, Jakob Rósinkarsson, var sjálfur viðstaddur í rjettinum og virðist hafa samþykkt þessi úrslit málsins. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi álitid, eptir skýrslum þeim, er hann fjeck um málið, að hjer væri eigi um þjófnað eða þvíumlíkt brot að ræða, heldur að eins um lóðarskemmdir, eins og brotið er einnig nefnt í rjettarhaldinu, en fyrir þær gátu að eins komið sektir samkvæmt fiskiveiðasamþykkt, og verður það því eigi álitid ólöglegt af sýslumanni að hafa tekið á móti framboði kærða um sekt og skaðabætur, en hitt verður að álíta vanrækslu af ákærða, að hann eigi virðist hafa borið sektarframboð þetta undir amtmanu til samþykktar, samkvæmt 10. gr. tilsk. 24. jan. 1838.

V. Vorið 1891 fórst fyrir manntalspinghald hjá ákærða í Sljettupinghá, en með því að hlutadeigandi amtmenn virðast hafa samþykkt, að við svo búid mætti standa, verður það ekki talið ákærða til áfellis, og sömu-leiðis þykir mega taka gilda skýringu ákærða á því, að hann hefur, þótt eigi yrði nefnt ár af manntalspingi í greindri pinghá, undirskrifað manntalsbókina fyrir það ár, »á manntalspingi að Sljettu 30. maí 1891«. Ennfremur hefur ákærði ritað á svo nefnda »sundurliðaða skýrslu yfir afgjöld af Barðastrandar- og Álptafjardar-umboðsjörðum«, er hann ljet fylgja umboðsreikningi sínum fyrir árið 1891, vottorð dags. 31. desbr. 1891 um, að samhljóða skýrsla hafi á manntalspingum verið yfirlitin og borin saman við byggingarbrjef leiguliða, en

vottorð þetta er eigi rjett að því er Sljettuhrepp snertir, þar sem meiri hluti jarðanna er, því að þar var ekkert manntalsþing haldið 1891, og engin samanburður gerður á afgangsskránni við byggingarbrjef leiguliða. Annars er ekkert fundið að afgangsskránni sjálfri, sem virðist vera rjett í alla staði og vottorðið því meinlaust með öllu, enda munu eigi þess konar vottorð tíðkast, nema í nokkrum umboðum hjer á landi. Þó að nú ákærði hefði átt að muna eptir því, er hann ritaði vottorð þetta 31. desbr. 1891, að ekkert manntalsþing var haldið að Sljettu vorið áður, virðist þó eigi eiga að skoða yfirsjón þá, er hjer er um að ræða sem ásetningsbrot af ákærða, heldur sem gert í athugaleysi eða af skeytingarleysi, enda gat honum ekkert gengið til þess að orða vottorðið eins og hann gerði eða með sama móti og á afgangsskránum fyrirfarandi ár.

VI. Þá hefur ákærði verið sakaður um að hafa eigi rannsakað nógu ítarlega ýmsar tollskyldar vörur, sem fluttust til Ísafjarðar árið 1891, svo og fyrir að hafa látið uppi röng vottorð um rannsókn á þeim, til að fylgja tollreikningi sínum nefnt ár. Hvað fyrri atvikið snertir, hefur það þótt vítavorð vanræksla af ákærða, að rannsaka eigi (þ: mæla, vega eða telja) greindar vörur sjálfur, þar sem þær voru ónákvæmt tilgreindar á tollseðli eða vöruskrá, eða taldar þar meiri en móttökumenn vildu kannast við, en ákærði hefur látið nægja í þessum tilfellum æru- og samvizkuvottorð móttökumanna, jafnframt því sem hann kveðst hafa skoðað »faktúrur« eða innkaupsreikninga þeirra m. m. Það er reyndar ekki upplýst í málinu, hvaða kröfur landstjórnin hefur gert í þessu tilliti til tollheimtumanna sinna, eða sjerstaklega ákærða á fyrri árum hans, en



eptir vottorði bæjarfógetans í Reykjavík, sem fram hefur verið lagt í yfirdóminum, virðist þar hafa verið viðhöfð lík aðferð og ákærði hefur haft, án þess að að hafi verið fundið af endurskoðun eða úrskurðarvaldi, og þar sem nú ákvæði toll-laganna eru eigi vel glögg í þessu efni, en það verður, eptir því hvernig tollheimtunni er varið hjer á landi, að vera mjög undir álitum hlutaðeigandi tollheimtumanna komið, hve langt skuli farið í rannsókn tollskyldra vara, sem hlýtur ætíð að hafa nokkurn kostnað í för með sjer, þá verður eigi álitíð, að sýnt hafi verið fram á, að ákærði hafi vanrækt skyldu sína að rannsaka hjer um ræddar vörur, enda er ekkert framkomið um, að tollheimta hans hafi reynzt röng. Hitt kærutridið er í því fólgið, að ákærði hafi látið uppi vottorð með tollreikningi sínum um ýmsar tollskyldar vörur »samkvæmt rannsókn«, án þess nokkur rannsókn á sjálfum vörunum hafi átt sjer stað, en ákærði hefur tekið það fram, að hann hafi með orðinu »rannsókn« átt við árangurinn af fyrgreindum eptirgrennslunum sínum (skoðun »faktúru«, æru- og samvizkuvottorð m. m.) um hinar tollskyldu vörur, þar sem ónákvæmni eða frábrigði áttu sjer stað í tollseðlinum eða vöruskránni, og þó að orðið »rannsókn« sje ekki vel heppilegt í þessu sambandi, þá verður eigi sagt, að vottorðin sjeu röng, þó að það sje viðhaft í þeim, eða að ákærði eigi að sæta ábyrgð fyrir svo löguð vottorð, sem, eins og áður hefur verið minnzt á, eigi hafa að sjálfu efni til verið vefngd hið minnsta.

VII. Þar sem ákærði hefur verið sakaður um ýmsa óreglu á bókun manntalsþinghaldanna voríð 1892 í Ögur- Reykjavjarðar- Nauteyrar- og Snæfjallahreppum í dómsmálabók Ísafjarðarsýslu, sjerstaklega að því er und-

irskript pingvottanna snertir, þá hefur ákærði skýrt svo frá, að þegar hann fór að heiman af Ísafirði til að þinga í greindum hreppum nefnt vor, og var kominn á þingið í Ögri, varð hann þess var, að dómsmálabók sýslunnar hafði orðið eptir heima hjá honum, en með því að eigi var tími til að senda eptir bókinni út á Ísafjörð, tók ákærði það ráð, að bóka þinghaldið á laust blað, sem hann svo ljet rjettarvottana undirskrifa. Sömu aðferð hafði hann síðan á næstu þrem þingunum, sem hann hjelt í sömu ferðinni, að bóka á laus blöð þinghöldin og láta rjettarvottana undirskrifa þau. Þegar ákærði síðan kom heim úr þingferðinni, færði hann þinghöldin inn í dómsmálabókina og skrifaði kona hans, er las saman með honum þinghöldin, eptir að þau voru innfærð, nöfn pingvottanna eptir blöðunum í dómsmálabókina. Ekki eru þinghöldin í dómsmálabókinni nefnd eptirrit, og eigi hafa blöð þau, er þau hafa verið rituð eptir, komið fram í málinu, og hefur ákærði þó haldið því fram, að hann hafi skilað þeim af sjer með embættinu, sem öðrum fylgiskjölum með dómsmálabókinni, en engin rannsókn sjest hafa verið gerð þar að lútandi. Það er ekki framkommið neitt um, að bókunin á framantjæðum þinghöldum sje eigi að sjálfu innihaldinu til að öllu samkvæm því, er gerðist á þingunum, nema hvað nokkur óvissa er á um sætt nokkra út af skiprúmssvikum, er gerðist fyrir milligöngu ákærða, er hann þingaði í Unaðsdal (Snæfjallahreppi), hvort sætt þessi gerðist «á þinginu» sjálfu, eða eptir þinglok, eins og ákærði hefur haldið fram, en vitnisburðirnir um þetta atriði eru svo ónákvæmur og á reiki, að sögusögn ákærða virðist eiga að takast gild. — Svo hafa og allir þeir menn, er undir þinghöldin eru skrifaðir sem



vottar, kannast við að hafa verið þingvottar við þinghöldin nema einn, Samúel Jónsson, og kennir ákærði það því, að hann hafi verið svo önnum kafinn á þinginu, að hann hafi eigi getað haft eptirlit með undirskriptunum, og muni nafnið hafa verið skrifað af einhverjum þar af misskilningi, án þess hann veitti því eptirtækt, og er þessi skýring ákærða eigi ótrúleg, þar sem hið sama hefur átt sjer stað á sama þinginu um undirskript manntalsbókarinnar, sem þó er víska fyrir að var á þinginu, að hana hefur undirskrifað maður (Kolbeinn Jakobsson), er eigi var þingvottur, en einn af vottunum aptur gleymt að undirskrifa. Það sem nú sjerstaklega hefur verið talið vafasamt um þinghöld þessi, er það, hvort nokkur regluleg bókun á þeim hafi átt sjer stað á þingstöðunum á laus blöð, eins og ákærði hefur borið, og hvort þingvottarnir muni hafa undirskrifað þá bókun. Um þetta hefur ekkert orðið nægilega upplýst, því að þó að tveir af þingvottunum á Nauteyrarþinginu og einkum annar þeirra hafi fullyrt, að þeir hafi eigi skrifað undir bókun sýslumanns á þinghöldunum, nje gefið öðrum heimild til að gera það fyrir sína hönd, heldur hafi þeir að eins skrifað undir manntalsbókina, þá er eigi þar fyrir víst, að bókun hafi eigi, eins og ákærði hefur haldið fram, átt sjer stað á gerðum þinganna á þingstöðunum og verið undirskriftuð af hinum þingvottunum, enda hafa sumir þeirra einnig þótzt muna eða minna, að sýslumaður (ákærði) hafi bókað gerðir þinganna og að þeir hafi skrifað undir á tveim stöðum (þ. e. undir manntalsbókina og skráning á gerðum þingsins), og það verður eigi heldur talið mjög ólíklegt eptir þeirri óreglu, sem, eins og fram er komið í málinu og viðurkennt er af ákærða, átti sjer

stað með undirskriptir manna á þingunum hjá ákærða, að nöfn fyrgreindra votta, er eigi hafa kannast við undirskript sína, hafi verið rituð af einhverjum öðrum óbedið. Það verður þannig eigi álitid, að sönnun sje fram komin gegn því, að svo hafi farið að öllu um bókun á umræddum manntalsþingum, sem ákærði hefur frá skýrt, og verður hann því eigi sakaður um ranga bókun á gerðum þinga þessara. Það verður heldur eigi eptir því sem á stóð talið ákærða til áfellis, að hann bókaði umrædd þinghöld á laus blöð, en hann átti við innfærslu í dómsmálabókina að láta sjást, að það, sem þar var ritað, væri eptirrit, og sömuleiðis hefði hann átt að fá blöðin, er þinghöldin voru rituð á, löggilt af yfirbóðurum sínum eptir á, eins og venja er til í líkum tilfellum, og hefur ákærði sýnt vanrækslu í þessu hvorutveggju, en einkum ber þó að telja það vítavert skeytingarleysi af ákærða, hve lítið eptirlit hann virðist hafa haft með því á hjer um ræddum þingum, að undirskriptir vottanna færu fram með reglu, en af þessu eptirlitsleysi hefur leitt, að 2 menn hafa undirskrifað á þinginu í Snæfjallahreppi, sem eigi voru þingvottar, annar manntalsbókina, en hinn sjálft þinghaldið, en hinir rjettu vottar aptur eigi skrifað undir.

VIII. Loks hefur ákærði verið grunaður um að hafa sýnt hlutdrægni sem skiptaráðandi í meðferð sinni á protabúi »Prentfjelags Ísfirðinga«, svo og fyrir ranga bókun á skiptarjettarhöldum í búi þessu.

Að því er í þessu tilliti snertir skiptarjettarhaldið 24. marz 1891 og úrskurð ákærða, er þá var uppkveðinn samkvæmt kröfu fjöggra skuldareigenda um, að Prentfjlagið skyldi tekið til skiptameðferðar sem protabúi, þá er engin sönnun fram komin fyrir því, að á-



kærði hafi átt hlut í skuld þeirri, er fjelagið var gert gjaldþrota fyrir, eða nokkra aðra skuld á hendur fjelaginu, og heldur eigi, að hann hafi verið á annan hátt svo bendlaður við málið, að ástæða sje til að ætla, að afskipti hans af málinu og sjerstaklega úrskurðurinn um protabúsmedferð á eignum prentfjelagsins, þó að úrskurði þessum kynni að þykja í einhverju tilliti ábótavant, muni hafa stjórnast af hlutdrægnislegum hvötum, og þó að tveir af þeim, er heimtuðu gjaldprotaskipti á eignum fjelagsins hafi borið það fram fyrir rjetti, að fjelagið hafi verið gert gjaldþrota til þess að hafa not prentsmiðju þess við útgáfu blaðsins »Þjóðviljinn«, sem ákærði virðist hafa haft nokkur afskipti af, þá er framburður þessi svo óákveðinn um það, hverjir hafi haft nefndan tilgang — og vitnin þó eigi spurð nákvæmara út í það, eða þau borin saman við ákærða um það — að ekkert verður á honum byggt ákærða til áfellis, enda hafa þeir hinir sömu menn gefið yfirlýsingu um það síðar, sem lögð hefur verið fyrir yfirrjett af ákærða, að þeir hafi eigi átt við neinar persónulegar hvatir eða tilgang hjá ákærða með greindum framburði sínum. Það er heldur eigi nein sönnun fram komin fyrir því, að ákærði hafi eigi í fyrgreindu skiptarjettarhaldi 24. marz 1891 getið þess í rjettinum, eins og bókað er í skiptabókinni, að partur hans í skuld þeirri, er tilefni gaf til gjaldþrotsins, væri orðin eign annars tilgreinds manns, og það verður ekkert á því byggt, þó að annar sá, er var rjettarvottur í það skipti, og maður, er var viðstaddur rjettarhaldið í öðru skyni, hafi borið, að þeir hafi eigi heyrt nefnda yfirlýsingu skiptaráðanda (ákærða), þegar litið er til þess, hve óljóst þeir muna annað, er framfór þá í rjettinum, enda voru liðin full

2 ár frá rjettarhaldinu, er þeir voru yfirheyrðir um þetta. Menn þessir hafa einnig síðar í yfirlýsingum, er fram hafa komið fyrir yfirdómi, lýst því yfir, að þeir hafi eigi með tjeðum framburði sínum viljað láta í ljósi annað eða meira en að þeir hafi ekkert munað um greint atriði.

Þá álitur undirdómarinn, að ákærði hafi (vísvitandi) bókað ranglega í skiptarjettarhaldi í protabúi prentfjlagsins 28. okt. 1891, að skuldasölusamningur um úti-standandi skuldir prentfjlagsins, sem gerður hafði verið nokkru áður af skiptaráðanda að áskildu samþykki skiptafundar, hafi verið borinn undir samþykki skuldheimtumanna prentfjlagsins, er mættir voru, en það virðist eigi vera næg ásæða til að álykta svo, þó að nokkra af þeim, er viðstaddir voru rjettarhald þetta, hafi minnt, er þeir voru yfirheyrðir um það 1½ ári síðar, að um skuldainnheimtusamning en ekki skuldasölusamning hafi verið að ræða á skiptafundi þessum, og það því síður, sem flestir þeirra hafa óljóst munað, hvað gerðist á skiptafundinum og sumir tekið fram, að þeir ekkert myndu um innihald samningsins, en hann er einmitt í skiptabókinni nefndur nauðsynleg ráðstöfun til innheimtu á skuldum prentfjlagsins. Einnig hafa allir þeir, er undir rjettarhaldinu standa, kaunazt við nöfn sín undir því, og ýmsir þeirra sjerstaklega tekið fram, að þeir muni eigi hafa skrifað undir í at-  
bugaleysi. Þá verður það heldur eigi, af líkum ástæðum og greindar hafa verið hjer á undan, álitid sannað, að leigusamningur um prentsmiðjuna hafi eigi verið borinn undir samþykki skiptafundarins í þessu sama rjettarhaldi, eins og bókað er, þó að ýmsa af þeim, er viðstaddir voru rjettarhaldið, hafi minnt, að samningur



Þessi hafi verið gerður (eigi að eins »samþykktur«) á skiptafundinum, því að það er hvorttveggja, að framburður flestra þeirra sýnir, að þeir mundu yfir höfuð óljóst það, er gerðist á fundi þessum 1½ ári áður, enda hafa þeir lýst því yfir síðar, er þeir höfðu fengið að kynna sjer rjettarhaldið, eins og það var bókað, að þeir álitu það rjett í alla staði.

Þá hefur undirdómarinn álitid, að ákærði hafi misbeitt embættisvaldi sínu prentfjelasstjórninni í óhag með því að leigja prentsmiðju fjelagsins í sept. 1891 um 2 eða jafnvel 3 næstu ár og þannig binda hendur prentfjelasstjórnarinnar. En álit þetta byggist að eins á því er þeir 2 skuldheimtumenn prentfjelasins, er áður er á minnzt, þar sem rætt er um skiptarjettarhaldið 24. marz 1891, hafa borið um tilgang með greindri ráðstöfun á prentsmiðjunni, en það má segja að öllu leyti hið sama um þennan framburð þeirra, sem framburð þeirra um tilganginn með protabúsmeðferð á prentfjelogseignunum, að ekkert verður á honum byggt, eins og hann liggur fyrir, og vísast til þess, sem að ofan segir þar um. Með því nú að það er upplýst aptur á móti, að ákærði gerði árangurlaust tilraunnir til að koma prentsmiðju fjelagsins á leigu um skemmri tíma, áður hann tæki það ráð að leigja hana um 2-3 ár, og að þessi ráðstöfun virðist, eptir því sem upplýst er, eigi hafa verið fjelaginu skaðleg, heldur fremur til hags, þá virðist ákærði eigi geta álitizt hafa misbeitt embættisvaldi sínu prentfjelaginu í óhag, með því að hafa átt þátt í þessari ráðstöfun. Þess skal getid, að það er eigi rjett, er segir í dóminum, að prentsmiðjan hafi ekki verið afhent prentfjelasstjórninni fyr en 25. ágúst 1892, því að prentfjelasstjórninni var boðin hún þegar 22.

júli næst á undan (sbr. fylgiskjal 4. y í aukarjettar-gjörðunum), þó hún vildi eigi taka við henni þá.

Loks hefur ákærði kannast við að hafa vottað »not-arialiter« neðan á skuldabryf nokkurt á hendur prent-fjelaginu, að þar til færð skuld væri rjett tilfærð »eptir endurskoðuðum og samþykktum reikningi Prentfjlags Ísfirðinga fyrir árin 1886—87 og eptir reikningum tjeðs prentfjlags fyrir fjelagsárin 1887—88 og 89«, og hafi hann þó eigi haft fyrir sjer reikninga þessa sjálfa, heldur að eins eptirrit af þeim, er hann sjálfur hafði tek-ið, er hann hafði þá undir hendi sem endurskoðunar-maður fjelagsins. Með þessari aðferð sinni verður þó eigi álitid, að ákærði hafi látið uppi rangt vottorð, enda var það að efni til að öllu leyti rjett, og það virðist jafnvel heldur eigi verða álitid, að hann hafi gert sig sekan í vítaverðu hirðuleysi, þó að hann byggði, eins og á stóð, á eptirriti, er hann sjálfur hafði ritað.

Samkvæmt því sem að framan er tekið fram í köflunum I, IV, V og VII álízt ákærði, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen, sem er fæddur 6. janúar 1859 og eigi hefur áður sætt ákæru eða verið dæmdur fyrir neitt lagabrot, hafa gerzt sekur í svo lagaðri van-rækt og hirðuleysi í embættisrekstri sínum, að hann fyrir það eigi að sæta refsingu samkvæmt 144. gr. hinna almennu hegningarlaga, og þykir refsing sú, er hann hefur tilunnið samkvæmt lagagrein þessari, hæfi-lega ákveðin 600 kr. sekt til landssjóðs, er afplánist með 60 daga einföldu fangelsi, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo ber ákærða og að greiða allan af mál-inu gegn honum bæði fyrir undir- og yfirjetti löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutnings-laun til hins skipaða sækjanda og tveggja verjenda hans



fyrir yfirdóminum, er ákveðast 40 kr. til sækjandans og 30 og 10 kr. til verjendanna.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan fyrir yfirdóminum lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði, sýslumaður og bæjarfógeti Skúli Thoroddsen greiði 600 kr. sekt í landssjóð eða sæti einföldu fangelsi í 60 daga, ef sektin er eigi greidd í tæka tíð. Svo greiði hann og allan af máli þessu bæði í hjerði og fyrir yfirdómi löglega leiddan og leiðandi kostnað, þar með talin málflutningslaun til hins skipaða sækjanda fyrir yfirdóminum cand. jur. Hannesar Thorsteinson 40 krónur og til hinna skipuðu verjenda hans þar, yfirrjettar-málaflutningsmannanna Páls Einarssonar og Eggerts Briem, respective 30 og 10 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.

Nr. 51/1893:

Rjettvísín  
gegn  
Þorvaldi Jónssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur verði lagður á mál þetta virðist nauðsynlegt, að útvegaðar verði þær frekari skýrslur í málinu, er nú skal greina:

1. Nákvæm og ýtarleg skýrsla ákærða og annara, er